



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Mánudagur 29. maí 2017

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Opnunartími skrifstofu

Skrifstofa skólans verður opin kl. 9:00-15:00 frá 8.-16. júní og opnar svo aftur að loknu sumarleyfi þriðjudaginn 8. ágúst.

Muna að skila bókum!

Margir eiga enn eftir að skila bókum á bókasafn skólans og þurfa þeir að skila þeim sem allra allra fyrst. Ef bækur koma í leitirnar eftir skólaslit er hægt að skila á skrifstofu skólans fram að sumarlokun 16. júní.

Innköllum spjaldtölva

Allir nemendur í 5.-10. bekk þurfa að skila inn spjaldtölvum sínum til umsjónarkennara 29. eða 30. maí. Þeir sem hafa samið um kaup á tækjunum geta svo sótt sín tæki aftur að loknum skólaslitum - tímasetning á afhendingunni verður auglýst síðar með tölvupósti. Innköllunin er til að tékka á öryggisstillingum en engin persónuleg gögn eru skoðuð.

Innkaup námsgagna

Gert er ráð fyrir að skólinn og Foreldrafélagið muni í sameiningu annast innkaup á flestum námsgögnum nemenda fyrir næsta skólaár. Fyrirkomulag verður nánar auglýst síðar...

Tímasetningar skólaslita miðvikudaginn 7. júní:

- Kl. 8:10 - 1. bekkur
- Kl. 09:00 - 2. bekkur
- Kl. 10:00 - 3. bekkur
- Kl. 10:30 – 8.-9. bekkur (Ath. 8.-9.b mæti í Vallakór)
- Kl. 11:00 - 4. bekkur
- Kl. 12:00 - 5. bekkur
- Kl. 13:00 – 6.-7. bekkur

Kæra skólasamfélag

Þá líður að lokum skólaársins og nemendur eflaust að verða óþreyjufullir að sleppa út í sumarið og sólina. Í heildina tekið hefur þetta verið þrýðilegur og árangursríkur vetur og það er líka útlit fyrir gott framhald hjá okkur í Hörðuvallaskóla. Skipulagning næsta skólaárs er langt komin, enn vantar okkur reyndar tvo kennara til viðbótar en það leysist vonandi áður en langt um líður. Eins og kynnt hefur verið mun bætast við ein kennslustofa til viðbótar á lóð skólans í sumar ásamt tengibyggingu þannig að fjórar stofur verða samtengdar og geta þá tekið við heilum árgangi svo vel sé. Við endurskoðum svo aðeins niðurröðun í húsin og þá munum við geta tekið vel á móti þeim rúmlega 920 nemendum sem við eigum von á til okkar í haust. Í þessum pósti er að finna upplýsingar um dagskrá síðustu daganna í vor sem ég bið foreldra um að kynna sér vel. Að lokum þakka ég samstarfið í vetur og hlakka til áframhaldandi samstarfs á nýju skólaári!

Ágúst Jakobsson skólastjóri

Dagskrá síðustu daga skólaársins

Að venju víkjum við frá hefðbundinni stundaskrá síðustu daga skólaársins. Hér á eftir má sjá dagskrá þessara daga en ef einhverjar spurningar vakna er um að gera að hafa samband við stjórnendur eða umsjónarkennara.

Miðvikudaginn 31. maí og fimmtudaginn 1. júní eru svokallaðir Hörðuvallaleikar (ásamt UNICEF hlaupi). Þessa daga mæta nemendur í skólann á sínum venjulega tíma að morgni en fara heim kl. 12:00 (þeir sem ekki eru í Dægradvöl). Fram að hádegi eru skipulagðir leikir og keppnir. Hádegismatur kl. 11:30 hjá öllum og lýkur skóla sem fyrr segir kl. 12:00. Nemendur sem vilja styrkja UNICEF koma með litla upphæð, t.d. 100-200 krónur sem þeir koma til umsjónarkennara.

Föstudaginn 2. júní mæta allir nemendur á venjulegum tíma í skólann og vinna með umsjónarkennurum fram eftir morgni. Kl. 11 fara svo allir á tónleika í Kórnum þar sem Skólahljómsveit Kópavogs og Sinfóníuhljómsveit Íslands munu leika. Að loknum tónleikum er matur og skóladegi lýkur um kl. 12:00

Þriðjudaginn 6. júní fara allir nemendur og starfsfólk skólans í gönguferð í Guðmundarlund og gera sér glaðan dag. **ATH: Mæting hjá öllum nemendum kl. 8:30 í skólann í Baugakór (8.-10. bekkur mæta í salinn). Morgunnesti verður borðað í skólanum en hamborgarar verða bornir fram í Guðmundarlundi. Lagt verður af stað um kl. 9:00 og komið er til baka um kl. 12:30, þá lýkur skóladegi fyrir þá nemendur sem ekki eru í Dægradvöl. **Áríðandi er að nemendur séu klæddir eftir veðri.****

Þriðjudaginn 6. júní kl. 16:00 verða nemendur 10. bekkjar brautskráðir frá skólanum í sal skólans í Baugakór. Foreldrar og forráðamenn nemenda eru hjartanlega velkomnir.

Miðvikudaginn 7. júní eru skólaslit. Skóla er slitið með ávarpi og afhendingu vitnisburða á sal og síðan fara nemendur og kennarar í sínar umsjónarstofur og skoða ferilmöppur nemenda. Foreldrar og forráðamenn nemenda eru hjartanlega velkomnir. Tímasetningar skólaslita má sjá hér til hliðar (mæting í sal skólans í Baugakór nema nemendur í 8.-9. bekk mæta í matsal í Vallakór).

Dægradvölin er opin frá 8:00 – 17:00 á skólaslitadaginn.

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	29. Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteil- sósu. Salatbar og ávextir. 10.b. í óvissuferð 8.b. í safnaheimsókn 9.b. í fjallgöngu	30. BBQ kjúklingur m/ hrísgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir. 10.b. í óvissuferð 8.b. í fjallgöngu 9.b. í safnaheimsókn	31. Skyr og flatkukur. Ávextir. Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00 Vorhátíð Foreldra- félagsins kl. 17-19	1. júní Pizzur Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00	2. Pylsur með öllu Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00	3.
4.	5. Annar í hvítasunnu - FRÍ	6. Hamborgarar Vordagur - skóla lýkur um kl. 12:30 Útskrift 10.b. kl. 16:00	7. Skólaslit hjá 1.-9.b	8. Starfsdagur	9. Starfsdagur	10.


Breyttar áherslur næsta vetur

Í samræmi við endurskoðun á stefnu skólans og skoðanakönnun sem send var út til foreldra fyrr í vor verður nokkuð um breyttar áherslur hjá okkur næsta vetur. Má þar nefna að settar verða inn sérstakar lestrarstundir hjá öllum árgöngum, aukin áhersla verður á bekkjafundi, tilraunir gerðar með núvitundarþjálfun, þriðja kynslóð mentorkerfisins verður tekin í notkun, námsmat mun breytast með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá, skipulag samstunda verður endurskoðað, vinaliðaverkefni í frímínútum innleitt á miðstigi, breytingar gerðar á kennslufyrirkomulagi á unglingastigi að hluta o.fl. Þetta verður allt kynnt betur í upphafi nýs skólaárs með fréttabréfum, kynningarfundum og á námskynningum.


Um hópaskiptingar, umsjónarkennara og staðsetningar næsta skólaár

Umsjónarhópar munu halda sér nema að stokka þarf upp í verðandi 3. bekk þar sem bekkjardeildum fækkar um eina. Á unglingastigi haldast umsjónarhópar en nemendum verður einnig skipt upp í „náms hópa“. Í framangreindum tilfellum raða kennarar niður í hópa og leitast í þeirri vinnu við að taka tillit til félagatengsla og annarra þátta. Nýjar hópaskiptingar verða

Efri hæð



Neðri hæð



- 1.b - 106 nem - 6 bekkir (ca 17 í hóp)
- 2.b - 116 nem - 6 bekkir (ca 19 í hóp)
- 3.b - 104 nem - 5 bekkir (ca 21 í hóp)
- 4.b - 113 nem - 5 bekkir (ca 23 í hóp)
- 5.b - 88 nem - 4 bekkir (ca 22 í hóp)
- 6.b - 82 nem - 4 bekkir (ca 21 í hóp)
- 7.b - 86 nem - 4 bekkir (ca 22 í hóp)

- 8.b - 82 nem - 3 námsh/3 umsjh (27/27 í hóp)
- 9.b - 88 nem - 3 námsh/4 umsjh (29/22 í hóp)
- 10.b - 60 nem - 2 námsh/3 umsjh (30/20 í hóp)

Í Baugakór 695 nemendur
 í Vallakór 230 nemendur
 Samtals 925 nemendur

birtar í upphafi nýs skólaárs. Enn á eftir að ráða tvo umsjónarkennara til starfa og meðan svo er má alltaf búast við að einhverjar breytingar geti orðið. Niðurröðun umsjónarkennara á árganga verður því einnig birt í upphafi nýs skólaárs. Hér til hliðar má sjá mynd af áætlaðri uppröðun í húsnæðið í Baugakór næsta vetur.

- Skólabyrjun haustið 2017 verður með hefðbundnum hætti. Upp úr miðjum ágúst sendum við út tölvupóst og biðjum foreldra um að skrá sig í viðtöl við umsjónarkennara 22. ágúst. (Viðtöl í 1. bekk dreifast á tvo daga, 22. og 23. ágúst). Kennsla hefst svo 23. ágúst í 2.-10. bekk og 24. ágúst í 1. bekk. Við hlökkum til að sjá ykkur aftur að loknu sumarleyfi - hafið það gott í sumar!